

Reglur um val í A og B landslið DSÍ

1.grein

Nýtt A og B landslið er valið af DSÍ ár hvert og gildir valið frá fyrsta Íslandsmóti ársins og fram að fyrsta Íslandsmóti ársins á eftir.

2.grein

Þau þör sem eru í 1. eða 2.sæti í keppnisflokkunum unglingar II, ungmenni og fullorðnum (meistaraflokkar) verða valin í A landsliðið. Þör sem eru í 3. og 4. sæti verða valin í B landsliðið. Þetta á við um Íslands-og Bikarmeistaramót í latin og ballroomdönsum ásamt Íslandsmeistaramótinu í 10 dönsumen þá er aðeins valið 1. og 2. sætið.

3. grein

Par í flokki ungmenna getur ekki tekið sæti í landsliðinu í flokki fullorðinna. Par sem fyrir neðan er fær þá landsliðsréttinn.

4.grein

Þörin sem lenda í 1.og 2. sæti í meistaraflokki latin og ballroom dönsum á Íslandsmeistaramóti DSÍ fá þátttökurétt á Heims-og Evrópumeistaramót WDSF. Þör sem lenda í 3.og 4. sæti verða varasæti ef 1. eða 2. Sætið fara ekki.Ef par í varasæti nýtir þátttökurétt sinn er það flutt í A landsliðið. Par sem lendar í 1.sæti í meistaraflokki á Íslandsmeistaramóti DSÍ í 10. dönsum fær þátttökurétt á Heims-og Evrópumeistaramóti og Heims-og Evrópubikarmóti WDSF. Þarið sem lendar í 2. sæti verður varasæti ef 1. sætið fer ekki.

5.grein

Par sem lendar í 1.sæti í meistaraflokki á Bikarmeistaramóti DSÍ fær þátttökurétt á Heims-og Evrópubikarmóti WDSF. Þarið sem lendar í 2. sæti verður varasæti ef 1. sætið fer ekki.

6. grein

Séu einhver þessara móta þ.e. Heims-og Evrópumeistaramót, Heims-og Evrópubikarmót haldin fyrr á árinu en réttur til að fara samkvæmt 4. og 5.grein er stjórn DSÍ heimilt að ákveða að samhliða ákveðnum keppnum verði um úrtökumót

að ræða eða halda sér úrtökumót sem gildi varðandi rétt til að fara á keppnir sem taldar eru upp hér í þessari grein og skal það tilkynnt sérstaklega í auglýsingu fyrir mótin og til aðildafélaga.

7. grein

Ef ekkert þeirra para sem rétt hafa skv. 3. til 5. grein geta ekki af óviðráðanlegum aðstæðum nýtt sér rétt sinn til að fara á Heims- og Evrópumeistaramót skal stjórn DSÍ fara í sætin fyrir neðan varasætin. Ákveði þar í einhverju því sæti að nýta réttinn skal það sjálfvirkt valið í A landslið DSÍ og tekur það gildi um leið og svar frá þarinu berst. Geti þar ekki sýnt fram á óviðráðanlegar ástæður fyrir því að nýta ekki réttinn skal það þá missa sæti sitt í landsliði.

8. grein

a) Stjórnir aðildarfélaga geta komið með tillögur til stjórnar DSÍ til að bæta þörum inni B landslið, þörum verður ekki bætt við A landslið. Við ákvörðun um hvort bæta skuli við pari í B landslið skal einungis taka til greina þar/einstakling sem hefur verið í tveimur efstu sætum á mótum héraðs á síðustu tveimur árum, einnig má skoða árangur þar/einstaklings á erlendum mótum hafi það þar eða einstaklingur unnið til verðlauna á Heims- eða Evrópumeistaramóti eitt ár aftur í tímann. Að auki skal tekið mið af hvort annar eða báðir aðilar hafi áður verið í landsliði DSÍ og reglum landsliðs verið fylgt, markmiðum þarins og áætlunum um æfingar og þáttöku í mótum innanlands og erlendis. Þar sem sótt er um fyrir skal vera búð að stíga út á keppnisgólf saman á því ári sem umsókn berst. Tillögum skal skilað á umsóknareyðiblöðum á vefsíðu DSÍ.

b) Þar eða einstaklingur sem tekið er inni landslið samkv. a lið 8. gr getur ekki sótt um inngöngu í landslið samkv. þeirri reglu aftur fyrr en að tveimur árum liðnum frá síðustu umsókn

c) Landsliðsþjálfari getur ákveðið að þar sem hefur unnið sér inn rétt til veru í B landsliði samkvæmt 2. gr verði flutt í A landslið. Við slíka ákvörðun skal líta m.a. til frammistöðu á æfingum, árangri á mótum og möguleikum þarins til að bæta sig. Við slíka ákvörðun skal það tilkynnt til stjórnar með rökstuðningi fyrir ákvörðuninni.

9. grein

Dansþörin sem ávinna sér keppnisrétt munu fá bréf frá DSÍ þar sem tilgreindur verður sá frestur sem parið hefur til að tilkynna hvort þau ætli að nýta sér keppnisréttinn. DSÍ greiðir fasta upphæð sem ákveðin er hverju sinni þeim sem unnið hafa þátttökurétt á Heimsmeistara og Evrópumeistaramót.

10. grein

Til þess að danspar öðlist rétt til þátttöku í landsliði DSÍ verður annar aðilinn að ná minnst 14 ára aldri á almanaksárinu.

Samþykkt á stjórnarfundum 09.05.2021